
LISTIÐN ÍSLENZKRA KVENNA

Nokkur atriði um sýningu, sem staðið hefur að Kjarvalsstöðum og lýkur um þessa helgi


Þessi fáu orð og meðfylgjandi myndir eru til að minna á sýningu að Kjarvalsstöðum, sem ber heitið Listiðn íslenzkra kvenna. Þessi sýning er haldin á vegum Bandalags kvenna í Reykjavík, en þau samtök eru rúmlega sextíu ára gömul; stofnuð í mai 1917. Þá voru í bandalaginu 9 félög kvenna, en nú er sú tala komin upp í 31 og teljast félagar samtals 14 þúsund. Formaður bandalagsins er Unnur Schram Ágústsdóttir, sem einnig er formaður Thorvaldsensfélagsins.

Sýningin, sem staðið hefur yfir og lýkur nú um þessa helgi, er sú fyrsta, sem Bandalag kvenna í Reykjavík gengst fyrir. Þetta er listiðnaðarsýning, eins og nafnið segir raunar skýrum stöfum. Mest er þar af ýmisskonar veflist; bæði gamalt og nýtt, — sum þeirra verka eru mjög nútímaleg, einskonar lágmyndir eða skúlptúr úr einhverskonar vefjum eða vefnaði. En þar eru líka hefðbundnar hannyrðir og hafa vakið athygli handprjónaðir kjólar, þar á meðal skírnarkjólar. Einn sérkennilegasti gripurinn er þó 44 ára gamalt teppi úr eigu Ásgrímssafns, sem mun flokkast undir það sem nefnt er collage í myndlistarfræðum og hefur á sínum tíma verið framúrstefnuverk. Þetta veggteppi er eftir Theódóru Thoroddsen og mun hún hafa fært Ásgrími málara það í afmælisgjöf, þegar hann varð sextugur árið 1936. Í teppinu koma fyrir bútar úr peysufötum frú Theódóru, slifsisborði, hluti úr frönsku sjali og svuntu. Ásgrímur hafði miklar mætur á þessari gjöf og var teppið aðeins tekið fram á hátíðum og tyllidögum og þá breitt úr því á legubekk í stofunni. En þess á milli var það brotið saman.


Auk veflistar er á sýningunni leirkerasmíði og keramik, enda ófáar konur, sem hafa látið til sín taka í þessum greinum uppá síðkastið. Gull- og silfursmíði er einnig sýnd, eftir eldri og yngri listakonur; einnig batik.



Veggteppi eftir Theodóru Thoroddsen frá 1936, unnið með collagetækni. Gjöf til Ásgríms Jónssonar málara.



Ráðherrastólar. Vefmynd eftir Hildi Hákonardóttur.



Veggteppi eftir Hönnu G. Ragnarsdóttur.



Bólu-Hjálmar, — byggt á teikningu Ríkharðs Jónssonar. Vefmynd eftir Blómeyju Stefánsdóttur.